

Kristinn Andersen lauk prófi í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1982 og doktorsprófi frá Vanderbilt háskóla í Bandaríkjunum 1993. Hann var stundakennari við Vanderbilt háskóla á árunum 1983-88. Á árunum í Bandaríkjunum starfrækti Kristinn verkfræðifyrirtækið, Mid-South Engineering, ásamt öðrum í Nashville Tennessee. Fyrirtækið vann verkefni fyrir Bandarísku geimrannsóknastofnunina NASA þar sem þróaðar voru nýjar gerðir stýringa fyrir rafsuðu. Þróuð var tækni sem gaf kost á námkvæmari og hraðari stýringum á straumi og spennu ljósbogans í rafsuðunni. Einnig vann fyrirtækið að frekari þróun algríms fyrir stýringar róbóta við rafsuðu. Í verkefnum fyrir NASA var notuð tölvusjón til að skoða yfirborðsaferð rafsuðu og greina sprungur og galla í rafsuðunni. Kristinn og samstarfsmenn hans hlutu viðurkenningar fyrir rannsóknastörf og tækniþróun frá NASA.

Á árunum 1993 – 2014 vann Kristinn hjá Marel, fyrst sem yfirverkfræðingur og síðar rannsóknastjóri fyrirtækisins. Hann vann fyrst að þróun tölvusjónar og síðan að fjölmörgum verkefnum, m.a. í alþjóðlegu samstarfi við fyrirtæki og háskóla og átti hlut í einkaleyfum. Síðustu árin hjá Marel stýrði Kristinn hópi sem þróaði röntgensjón, sem var frumkvöðlastarf á því sviði á Íslandi og hefur nýst áfram í nýjum vörum fyrirtækisins.

Kristinn var aðjúnkt og stundakennari við Háskóla Íslands frá 1993 og hefur frá 2014 verið prófessor við Rafmangs- og tölvuverkfræðideild HÍ, þar af deildarforseti á árunum 2014-2018.

Kristinn hefur sinnt margvíslegum félags- og trúnaðarstörfum bæði innan og utan tæknigeirans á Íslandi. Þá hefur hann tekið virkan þátt í stjórnámálum í sveitarfélagi sínu, Hafnarfirði, þar sem hann er nú forseti bæjarstjórnar. Kristinn hefur lagt Verkfræðingafélagi Íslands lið með margvíslegum hætti og borið hag félagsins fyrir brjósti. Hann var formaður útgáfunefndar um árabíl og situr nú í ritstjórn Icelandic Journal of Engineering – Verktækni. Kristinn sat í stjórn félagsins 1999-2003, var varaformaður 2000-2002 og formaður félagsins 2011-2016.